

Minnisblað dags: 04.06.2021 KIA
Heiti: Iðjubraut, gatnagerð – flutningur á söfnunarsvæði gróðurúrgangs
Fyrirtæki: Dalabyggð
Inngangur: Hafinn er undirbúningur fyrir gatnagerð Iðjubrautar sbr. deiliskipulagstillögu. Færa þarf núverandi söfnunarsvæði gróðurúrgangs og er gerð tillaga að nýjum stað ofan við gamla urðunastaðinn norðan þörsins.

Athugasemdir:

Núverandi söfnunarsvæði gróðurúrgangs þekur nú bæði verðandi götustæði og lóð samkvæmt deiliskipulagstillögunni sem er á lokametrum. Þegar deiliskipulagið hefur verið staðfest stendur til að jarðvegsskipta hluta nýrrar götu og gera þannig fyrstu iðnaðarlóðirnar aðgengilegar. Áður en það er gert þarf að flytja og ganga frá söfnunarsvæðinu á nýjum stað.

Tillaga að nýjum stað er á flötinni milli slóða niður að gamla urðunastaðnum við landamerkin að norðanverðu og skógræktarreitnum, sjá yfirlitsmynd til hliðar. Staðurinn er innan bæjarmarka og auðvelt að gera skerma svæðið og haugana af með mön í L eins og á núverandi stað. Skógræktin skyggir á að sunnan og mætti planta fleiri trjám milli nýja söfnunarsvæðisins og þjóðvegjar til að loka enn betur af. Núverandi girðing með skógrækt og hlið á slóða við þjóðveg yrði fjarlægð og ný girðing og hlið sett upp neðan við svæðið vegna skyldu um að urðunarsvæðið sé afgirt.



Ráðgjafi Dalabyggðar með vöktun urðunastaðs er að kanna hvort þessi áform hafi áhrif á vöktun svæðisins og hvort gera þurfi ráðstafanir með sýnatökuholur á svæðinu. Stefnt er að veita ofanvatni frá nýju söfnunarsvæði frá urðunarsvæðinu með rás svo það mengi ekki eða trufla vöktunina.

Riss af tillögu með skýringum:

